

1958

Miðvikudaginn 16. nóvember 1983.

Nr. 170/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Tryggva Bjarna Kristjánssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Reynslulausn. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. júlí 1983, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Verjandi krefst sýknu af ákærulið II, en lægstu refsingar, er lög leyfa, að því er varðar ákærulið I.

Ágrip máls barst Hæstarétti 28. október 1983.

I.

Um ákærulið I.

Í ákæruskjali er stað þeim, er lögreglumenn stöðvuðu ákærða við akstur bifreiðarinnar R 16052 hinn 28. apríl 1983, réttilega lýst, en sú gata heitir Sóleyjargata og eigi Fríkirkjuvegur, svo sem ranglega greinir í ákæruskjali. Staðsetning er þó með þeim hætti, að eigi verður um villst, sbr. 118. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur gengist við því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur greindrar bifreiðar í umrætt skipti. Eigi verða bornar brigður á, að blóðsýni það, er í héraðsdómi greinir, hafi verið tekið úr ákærða skömmu eftir handtöku hans, svo sem nánar segir í dóminum. Atferli hans varðar við þau refsíákvæði, sem greinir í héraðsdómi, sbr. lög nr. 54/1976.

II.

Um ákærulið II.

Í framburði ákærða fyrir lögreglu, en hann er greindur í héraðs-

dómi, kvaðst hann heita nafni annars nafngreinds manns, sem hann tilgreindi m. a. með réttu heimilisfangi. Ritaði hann nafn manns þessa undir varðstjóráskýrsluna. Eigi var ákærða þetta refsilaust samkvæmt 143. gr. almennra hegningarlaga. Varðar atferli hans við 155. gr. sömu laga, svo sem í héraðsdómi greinir.

III.

Ákvörðun viðurlaga.

Svo sem greinir í héraðsdómi, rauf ákærði með brotum þeim, sem hér er dæmt um, skilorð reynslulausnar, sem honum var veitt frá 12. mars 1983. Ber nú skv. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma refsingu í einu lagi fyrir þau brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir, og með hliðsjón af refsivist, sem ólokið er, 320 daga fangelsi, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga og 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, sbr. enn fremur 72. gr. sömu laga, en ákærða verður að telja vanaafbrotamann, sbr. sakaferil hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kirsstjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála því, sem greinir í dómi meiri hluta dómenda í máli þessu, um annað en refsingu ákærða, sem ég tel of væga. Ég tel refsingu hæfilega ákveðna fangelsi 15 mánuði.

1960

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983.

Ár 1983, mánudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 268/1983: Ákærvaldið gegn Tryggva Bjarna Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 9. júní 1983, gegn ákærða, Tryggva Bjarna Kristjánssyni „verkamanni, Mýrarseli 8, Reykjavík, fæddum 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík, fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir að aka fimmtudaginn 28. apríl 1983 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 16052 frá húsi í vesturhluta Reykjavíkur að Kleppsvegi 131 og þaðan áleiðis að Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Fríkirkjuvegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

II.

Fyrir skjalafals með því að hafa undirritað varðstjóráskýrslu hjá varðstjóra sama dag vegna fyrrgreinds brots með nafninu Garðar Gunnarsson.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1976 10/8 í Keflavík: Dómur 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, sbr. 81. gr. sömu laga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 16 mán. frá 10/8 1976.
- 1977 6/5 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 2., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 (hegningarauki).
- 1977 8/6 í Keflavík: Dómur: 2 mán. fangelsi (+ 20 daga gæsluvarðhald) fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 14/12 í Reykjavík: Sátt, 430.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og

1961

6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 og 77. gr. hegningarlaga.
- 1979 17/12 í Keflavík: Sátt, 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/12 1979.
- 1980 6/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Skal vera ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.
- 1980 6/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki dæmd refsing.
- 1980 18/7 í Reykjavík: Ávana og fíkn: Sátt, 150.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.
- 1980 26/11 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 750.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/74, sbr. 71. gr. hegningarlaga v. s. 14/12 1979 og s. 18/7 1980.
- 1980 30/10 í Keflavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr., hegningarlaga.
- 1981 3/4 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Sátt, 3.800 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974.
- 1981 28/10 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, hegningarauki, fyrir brot gegn 155. gr., 231. gr., 244. gr., 246. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga.
- 1981 17/11 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga (hegningarauki).
- 1982 11/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 248. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1982 27/7 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. gr. hegningarlaga og 27. gr. umferðarlaga, hegningarauki.
- 1983 12/3 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 320 dögum.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

I.

Pann 28. apríl sl. ók ákærði bifreiðinni R 16052, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, úr vesturhluta borgar-

innar að Kleppsvegi 131 og þaðan að Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Frikirkjuvegi kl. 0345.

Ákærði viðurkenndi í skýrslu hjá varðstjóra áfengisneyslu fyrir akstur. Við rannsókn á blóðsýni, sem tekið var úr ákærða kl. 0505, mældist alkóhól í blóði hans 1.38‰.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum málsins, varðar við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

II.

Ákærði ritaði, er hann var handtekinn umrætt sinn, nafn Garðars Gunnarssonar, Vaðlaseli 1 hér í borg, undir skýrslu sína hjá varðstjóra. Kveðst hann hafa gert þetta til að losna við mál þetta.

Framangreint atferli ákærða, sem sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Svo sem í sakavottorði ákærða greinir, hlaut hann reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 320 dögum. Samkvæmt framangreindum dómum hefur hann með framangreindu atferli rofið skilorð það, sem honum var ákvarðað í reynslulausninni, og ber því skv. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að ákvarða honum refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, og eftirstöðvum umræddrar refsingar, sbr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt því hæfilega ákveðin skv. reglum 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, 12 mánaða fangelsi.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.